

PLAST Í SKÓLASTOFUNNI

Nemendur skoða hversu mikið er af vörum úr plasti í skólastofunni. Rætt er hvaða plastvörur eru nauðsynlegar og hverjar ekki.

Markmið:

Að nemendur geri sér grein fyrir því að plast er af mismunandi gerðum og að auðveldara er að skipta út sumu plasti en öðru.

Lykilspurningar

Hvaða hlutir eru úr plasti inni í kennslustofunni okkar?

Hvaða hlutum er auðvelt að skipta út fyrir aðra úr náttúrulegum efnum?

Aðferð

Nemendur þurfa að nota athyglisgáfuna. Hversu mikið af því sem er í skólastofunni er úr plasti?

Ein útfærsla: Skráum það hjá okkur á blað/töfluna.

Önnur útfærsla: Getum við sett það allt í einn haug?

Umræður

Hvaða önnur efni væri hægt að nota í þessa hluti í staðinn?

Hvaða hlutum er auðvelt að skipta út fyrir aðra úr náttúrulegum efnum?

Hverju er erfitt að skipta út? Af hverju?

Birtist áður hér: Hreint haf – Margrét Hugadóttir